

starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfs-
svið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

67. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup
og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum
3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. lög um reynslusveitarfélög nr.
82/1994, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1996 og gildir til 1. janúar 2000.
Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Neskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar
nr. 520/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 116

9. febrúar 1996

REGLUGERÐ

fyrir almannavarnaráð.

1. gr.

Almannavarnaráð stýrir starfsemi almannavarna, hefur með höndum heildarskipulagn-
ingu almannavarna í landinu, svo sem nánar greinir í 6. gr. laga um almannavarnir, og er til
ráðuneytis um framkvæmd laga um almannavarnir. Það fer og með þau mál önnur er lög
ákveða.

2. gr.

Í almannavarnaráði eiga sæti forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn
í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Dómsmálaráðherra skipar í ráðið og
skipar einn ráðsmanna formann ráðsins til þriggja ára í senn.

Í forföllum formanns skal sá ráðsmanna sem lengst hefur átt sæti í almannavarnaráði
gegna starfi formanns.

3. gr.

Landsbjörg, Rauði kross Íslands og Slysavarnafélag Íslands skulu eiga einn sameigin-
legan áheyrnarfulltrúa á fundum almannavarnaráðs.

Dómsmálaráðherra skipar áheyrnarfulltrúann til tveggja ára í senn að fenginni sam-
eiginlegri tillögu samtakanna. Áheyrnarfulltrúi skal annað hvort vera forseti/formaður eða
framkvæmdastjóri hlutaðeigandi samtaka. Ráðherra skipar og varamann með sama hætti.

4. gr.

Áheyrnarfulltrúi skv. 3. gr. hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum almannavarnaráðs en
ekki atkvæðisrétt.

Áheyrnarfulltrúinn skal gæta þagnarskyldu um það sem hann verður áskynja um í
störfum almannavarnaráðs og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls eða samkvæmt
sérstakri ákvörðun almannavarnaráðs.

Áður en áheyrnarfulltrúinn tekur til starfa skal hann undirrita þagnarheit.

Endurprentað blað.

5. gr.

Þeir sem sæti eiga í almannavarnaráði skv. 1. gr. skulu tilnefna varamann er sæti tekur á fundum ráðsins í forföllum þeirra. Tilkynna skal formanni um tilnefningu varamanns.

6. gr.

Fundi almannavarnaráðs skal halda eftir þörfum. Formaður boðar til funda.

Almannavarnaráð getur við sérstakar aðstæður haldið fund án viðveru áheyrnarfulltrúa. Að fundi loknum skal formaður greina áheyrnarfulltrúanum frá fundinum og tilefni hans.

7. gr.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal sitja fundi almannavarnaráðs og gegna þar starfi fundarritara.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

Við upptalninguna bætast Hitaveita Akraness með endurgreiðsluhlutfallið 54% og Hita-veita Borgarness með endurgreiðsluhlutfallið 48%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum gildir frá 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 12. febrúar 1996.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.